

## SKIPULAGSSKRÁ FYRIR BYGGÐASAFNIÐ Í GÖRÐUM

### 1. Heiti, heimili, tilgangur.

- 1.1. Safnið heitir Byggðasafnið í Görðum. Starfssvæði þess er Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit. Safnið var stofnað 13. desember 1959.
- 1.2. Safnið starfar á grundvelli safnalaga nr. 141/2011, laga um menningarminjar nr. 80/2012, þjóðminjalaga nr. 140/2011 og siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM). Aðsetur safnsins er í Görðum á Akranesi og er varnarþing þess Akraneskaupstaður. Safnið er stofnun í eigu sveitarfélaganna.
- 1.3. Markmið safnsins er alhliða söfnun, skráning og varðveisla þjóðlegra verðmæta er snerta byggðarsögu svæðisins, s.s. fyrri tíðar búskaparháttu, sögu sjávarútvegs, siglinga, verslunar, iðnaðar og annarra atvinnugreina, og félags- og menningarsögu svæðisins í víðasta skilningi. Verksvið safnsins er jafnframt að hlúa að umhverfi og uppbyggingu safnasvæðisins í heild ásamt öllum þeim minjum, byggingum og sérsýningum sem þar eru til staðar.
- 1.4. Flestir munir sem safninu tilheyra eru á eða við aðsetur þess, en auk þess geta heyrt undir safnið munir og mannvirki, sem varðveitt eru annars staðar á starfssvæðinu sbr. gr. 11.3.
- 1.5. Safnið skal miðla upplýsingum um þessar minjar og hafa þær til sýnis á áhuga-verðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem skal endurskoðuð á 4 ára fresti.

### 2. Landrými.

- 2.1. Safnið skal hafa til umráða nægjanlegt landrými, sem Akraneskaupstaður leggur til, til að mæta hugsanlegri þörf til framtíðarnota varðandi fjölgun safnahúsa, varðveislu og aðflutning eldri mannvirkja og stærri safnminja af öðrum toga. Safnasvæðið skal skipulagt með tilliti til þessa. Samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagi safnasvæðisins o.fl. er svæði safnsins 32.409 m<sup>2</sup>.

### 3. Eignarhlutföll og stofnframlög.

- 3.1. Safnið er stofnun í eigu sveitarfélaganna og í umsjón réttkjörinna fulltrúa eignaraðila safnsins, sem skipa stjórn þess. Eignarhlutföll eru sem hér segir: Akraneskaupstaður 9/10, Hvalfjarðarsveit 1/10.
- 3.2. Framlög eignaraðila skulu vera í hlutfalli við eignaraðild og skulu fylgja vísitölu hvers árs. Gildir það jafnt um rekstur safnsins og stofnkostnað. Upphæð fjárframlaga er háð ákvörðun eignaraðila, sem hafa fjárhags- og starfsáætlun safnsins fyrir komandi ár til viðmiðunar.

### 4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn safnsins skal skipuð 6 mönnum og jafn mörgum til vara, þannig að Akraneskaupstaður tilnefnir 5 fulltrúa og Hvalfjarðarsveit 1 fulltrúa. Starfstími stjórnarmanna er kjörtímabil sveitarstjórna eignaraðila og skulu eignaraðilar safnsins tilnefna fulltrúa strax að afloknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Vararmenn sitja fundi í fjarveru stjórnarmanna.
- 4.2. Hætti stjórnarmaður á kjörtímabilinu skal varamaður hans taka sæti hans. Eignaraðilar geta afturkallað tilnefningu í stjórn safnsins á kjörtímabilinu. Komi til þess skal viðkomandi eignaraðili þegar í stað tilnefna mann í hans stað.
- 4.3. Bæjarstjórn Akranes tilnefnir formann og varaformann stjórnar. Að öðru leyti skiptir nýkjörin stjórn safnsins með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir kosningar.

- 4.4. Stjórn safnsins sinnir leiðsögu- og eftirlitshlutverki fyrir safnið. Hún beitir markvissri stefnumótun og tryggir framkvæmd hennar og reglulega endurskoðun þeirrar stefnu hjá safninu.
  - 4.5. Stjórn safnsins hefur yfirumsjón með því að safnið starfi samkvæmt skipulagsskrá og almennum lögum. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð safnsins og árangursríka starfsemi þess.
  - 4.6. Stjórn safnsins afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar.
  - 4.7. Stjórn safnsins skal ráða að safninu sérmenntaðan starfsmann til að veita safninu forstöðu og hafa umsjón með öllum daglegum rekstri þess.
- 5. Stjórnarfundir.**
- 5.1. Stjórn safnsins heldur fundi eftir því sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfundu í samráði við forstöðumann og stýrir fundum en sérhver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála.
  - 5.2. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á stjórnarfundum en formaður hefur tvöfalt atkvæðavægi í málum sem varða Bygðasafnið í Görðum.
  - 5.3. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarmanna mætir, enda séu fundir boðaðir með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.
  - 5.4. Forstöðumaður safnsins situr fundi safnstjórnar og hefur þar tillögurétt og mál-frelsi.
- 6. Aðalfundur, ársskýrsla, starfsár o.fl.**
- 6.1. Stjórn safnsins heldur aðalfund á tímabilinu apríl/maí ár hvert.
  - 6.2. Á aðalfundi skal lögð fram ársskýrsla um starfsemi safnsins ásamt endurskoðuðum reikningum fyrir síðastliðið starfsár.
  - 6.3. Ársskýrsla og samþykktir ársreikningar skulu send eignaraðilum safnsins til umfjöllunar og afgreiðslu, safnaráði og öðrum aðilum sem þörf þykir, eigi síðar en mánuði eftir samþykkt eignaraðila á ársreikningnum.
  - 6.4. Starfsár og reikningsár safnsins er almanaksárið.
  - 6.5. Akraneskaupstaður skal hafa umsjón með bókhaldi og fjárreiðum fyrir safnið en forstöðumaður skal yfirfara og samþykkja alla reikninga áður en þeir eru sendir starfsmönnum Akraneskaupstaðar til greiðslu og bókunar.
  - 6.6. Endurskoðendur ársreikninga safnsins skulu vera endurskoðendur Akraneskaupstaðar.
- 7. Áætlanagerð.**
- 7.1. Eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skal stjórn safnsins taka fyrir á fundi sínum framkvæmda- og rekstraráætlun safnsins fyrir næsta starfsár ásamt fjárhagsáætlun, sem send skal eignaraðilum til umfjöllunar og afgreiðslu svo og öðrum sem leggja safninu til tekjur.
  - 7.2. Leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir safnið hefur forstöðumaður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun hvers árs.
- 8. Tekjur.**
- 8.1. Fastar tekjur safnsins eru árleg framlög eignaraðila þess. Framlögina skulu fylgja vísitölu hvers árs. Þess utan þær tekjur, sem safninu tekst að afla með aðgangseyri, minjagripasölu, útgáfustarfsemi, gjöfum og öðrum hætti. Árlega skal sótt um framlög til safnsins úr safnasjóði. Fjárframlög og gjafir eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003 með áorðnum breytingum.
- 9. Forstöðumaður.**
- 9.1. Forstöðumaður skal starfa í umboði stjórnar samkvæmt skipulagsskrá þessari og sérstökum ráðningarsamningi, sem stjórn safnsins gerir við hann. Forstöðumaður skal fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Hann skal hafa umsjón með daglegum rekstri, ber ábyrgð á fjárreiðum safnsins og framkvæmd þeirrar stefnu sem

stjórnin hefur mótað. Um laun og starfskjör forstöðumanns ber stjórn safnsins að afla samþykkis eignaraðila.

- 9.2. Forstöðumaður hefur ákvörðunarvald í öllum þeim málefnum er snerta daglegan rekstur safnasvæðisins í heild s.s. söfnun muna, skráningu, uppröðun og annan frágang, safnvörslu, sýningar, rekstur safnaskála, auglýsingu- og útgáfustarfsemi að fengnu samþykki safnstjórnar eftir því sem þörf krefur hverju sinni.
- 9.3. Forstöðumaður annast ráðningu fastra og lausráðinna starfsmanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun safns hverju sinni. Komi til ráðningar yfirmanna einstakra deilda eða sviða safnsins ber forstöðumanni að afla samþykkis stjórnar safnsins.
- 9.4. Forstöðumaður hefur leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir safnið í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er heimilt að skuldbinda safnið fjárhagslega umfram samþykktu fjárhagsáætlun nema samþykki eignaraðila liggi fyrir.

## 10. Meðferð safnmuna.

- 10.1. Alla þá muni og önnur safnverðmæti, er berast safninu skal skrásetja eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.
- 10.2. Hvorki má gefa né selja þá muni, sem safnið hefur eignast, en láta má þá í skiptum fyrir aðra gripi, liggi einróma samþykki stjórnar safnsins fyrir.
- 10.3. Ekki er safninu heimilt að veita viðtöku munum eða öðrum minjum sem sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu nema stjórn safnsins samþykki að gjöfin hafi sérstaka þýðingu fyrir safnið.
- 10.4. Forstöðumanni safnsins er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga innanlands með samþykki stjórnar safnsins. Forstöðumanni er jafnframt heimilt með samþykki stjórnar að fela öðru safni safngripi í eigu safnsins til varðveislu í ótiltekinn tíma.

## 11. Nánar um markmið, hlutverk og verksvið safnsins.

- 11.1. Hlutverk Byggðasafnsins í Görðum er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar að að safna, skrá, varðveita, rannsaka og sýna minjar og önnur þjóðleg verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir byggðarlögin á starfssvæði safnsins og hins vegar að vera kennslu og fræðslustofnun fyrir almenning. Safnið starfar í þágu almennings og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Arði af rekstri safnsins skal varið til starfsemi þess.
- 11.2. Þessum markmiðum skal leitast við að ná með alhliða söfnun hverskyns heimilda sem lýsa atvinnu- og lifnaðarháttum og daglegu lífi fólks og með sýningu þeirra í formi fasta- og sérsýninga á safnasvæðinu og með markvissri fræðslu fyrir skóla. Að öðru leyti mótar stjórn safnsins og forstöðumaður starfsemi safnsins á hverjum tíma með hliðsjón af hlutverki þess.
- 11.3. Safnið skal hafa umsjón með varðveislu á menningarsögulega merkjum byggingum og öðrum mannvirkjum, sem ástæða er talin til að vernda á svæðinu, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Safninu er heimilt að varðveita safnmuni og aðrar minjar utan veggja safnsins, gefist ekki kostur á að flytja slíka muni í safnið eða betur hentar að varðveita þá annars staðar. Ráðstöfun og meðferð slíkra muna sem og annarra eigna safnsins, skal bundin ákvörðun stjórnar safnsins.
- 11.4. Í húsnæði safnsins skulu jafnan vera grunnsýningar sem gefa góða innsýn í þá þætti í sögunni sem lúta að starfssvæði safnsins og söfnunarsviði. Þá getur safnið gert einstökum þáttum skil á sérsýningum, bæði í safnhúsinu sjálfu og annars staðar þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður. Safnið skal hafa sýningarsali opna á auglýstum sýningartímum allt árið um kring.
- 11.5. Við kennslu og fræðslu til almennings skal safnið leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta, þar á meðal erlendra og skal leitast við að hafa starfsemina aðgengilega öllum. Haft skal gott eftirlit með aðsókn og aðsóknarþróun og leitast við að hámarka aðsókn. Safnið skal sinna fræðslu til skóla og hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, aðila í ferðaþjónustu og aðra eftir því sem við á.

- 11.6. Samstarf safnsins við önnur söfn innanlands sem utan eða aðrar viðurkenndar stofnanir um málefni sem varða safnið er heimilt svo framarlega sem stjórn styður samstarfið.
- 12. Slit á samstarfi.**
- 12.1. Hvor samningsaðili um sig getur skriflega óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa með 6 mánaða fyrirvara. Ákveði annar hvor aðila að rekstri safnsins að ganga úr samstarfinu og segja samningnum upp skal það gert skriflega með 12 mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við áramót. Í kjölfar uppsagnar skal endurskoða alla starfsemi og rekstur safnsins.
- 12.2. Við úrsögn úr samstarfinu missir eigandi allan rétt sinn til safnsins. Eigendur eiga ekki tilkall til eigna eða muna safnsins, enda er safnið sameign eignaraðila og safngripir óskipt sameign.
- 12.3. Þótt samstarfinu væri sagt upp breytist ekki framlag Akraneskaupstaðar um landsvæði undir safnið.
- 13. Safnið lagt niður.**
- 13.1. Verði ákveðið að leggja safnið niður þarf minnst 2/3 hluta atkvæða eignaraðila til þess.
- 13.2. Verði samþykkt að leggja safnið niður skal viðkomandi höfuðsafn ráðstafa safnmunum í samráði við eignaraðila. Eignaraðilar skulu skipa í sérstaka nefnd til að fjalla um málið og skipi hver eigandi einn aðila í nefndina. Nefndin skal í samráði við viðkomandi höfuðsafn leggja fyrir eigendur tillögu um ráðstöfun safngripa og annarra eigna safnsins en komi til ágreinings skal viðkomandi höfuðsafn hafa lokaákvörðun um ráðstöfun.
- 13.3. Verði safnið lagt niður skal um aðrar eignir en safnmuni hafa samráð við ráðuneyti, skv. 12. gr. safnalaga nr. 141/2011. Eigendur gera ráð fyrir að landsvæði safnsins, sbr. 2. gr., renni til Akraneskaupstaðar aftur, og að byggingar og önnur mannvirki, sem ekki er ráðstafað skv. 13.2, skiptist milli eignaraðila eftir eignarhlutdeild.
- 14. Breytingar á skipulagsskrá.**
- 14.1. Breytingar á skipulagsskrá þessari verða eigi gerðar nema til komi samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða stjórnar safnsins og staðfesting eignaraðila þess.
- 15. Önnur atriði.**
- 15.1. Skipulagsskrá þessi tekur gildi þegar báðir eignaraðilar hafa staðfest hana. Að fenginni staðfestingu eignaraðila skal hún send safnaráði og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- 15.2. Réttindi og skyldur aðila samkvæmt skipulagsskrá frá 29. desember 2013 skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessarar skipulagsskrár, en skipulagsskráin fellur niður við gildistöku þessarar skipulagsskrár, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

Akranesi,

F.h. Akraneskaupstaðar:

F.h. Hvalfjarðarsveitar:

---

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri

---

Skúli Þórðarsson,  
sveitarstjóri